

NÁMSTÍMI –

Fjögurra ára áttak til að fjölga þeim sem útskrifast á tilsettum tíma samkvæmt stefnu hvítbókar um umbætur í menntun

Veturinn 2014-15 hefur verkefnahópur unnið að gerð aðgerðaráætlunar um námstíma.

Samstarfshópur skipaður sjö hagsmunaaðilum ásamt fulltrúum ráðuneytisins veittu ráðgjöf og rýndu tillögur um aðgerðir. Lokafundur þeirra var 4. maí 2015. Í tillögunum koma fram fjögur markmið:

1. Auka sveigjanleika milli skólastiga til að auðvelda flæði nemenda og skapa þeim meira hvetjandi námsumhverfi
2. Auka skuldbindingu þeirra sem koma að skólastarfi en þó fyrst og frems nemenda
3. Minnka brotthvarf nemenda úr námi
4. Auka ráðgjöf og upplýsingaflæði um námsframboð og þjónustu, fyrir nemendur, forráðamenn og almenning

Ráðuneytið hefur rýnt tillögunar og ákveðið að leggja sérstaka áherslu á markmið 3, þ.e. að minnka brotthvarf nemenda úr námi. Unnið verður með önnur markmið innan annarra verkefna ráðuneytisins

Þriggja ára aðgerðarplan til að minnka brotthvarf nemenda úr námi í framhaldsskólum

1. SKIMUN
 - a. Lagt verður skimunarpróf fyrir alla nýnema í öllum framhaldsskólum. Skimað er í október, samtals þrjú ár í röð í hverjum skóla. Skoðað verður sérstaklega hvort ástæða sé að hafa færri skimanir í þeim skólum sem þegar hafa verið skimaðir. Sjálfstæð ákvörðun verður tekin fyrir hvern skóla. Skimuninni er ætlað að greina hvers konar áhættuþættir einkenna nemendahóp viðkomandi skóla og auðvelda skólum að grípa til viðeigandi ráðstafana.
 - b. Námskeið er haldið fyrir alla skóla sem ekki hafa tekið þátt í skimun nemenda á skipulegan hátt.
 - c. Gert er ráð fyrir að eftir fimm ár geti verið þörf að keyra eina skimun per skóla. Ákvörðun um slíkt framhald verður tekin á grundvelli niðurstöðu þessa átaks.

Áætlaður kostnaður fyrir námskeið, aðgang og úrvinnslu á prófi sem lagt er fyrir alla framhaldsskóla þrisvar er kr. 12 milljónir. Samið er við fyrirtækið Studia, Jóhann

2. AÐGERÐARÁÆTLANIR SKÓLA

Hver framhaldsskóli skal útbúa *aðgerðaáætlun til að minnka brotthvarf* í samræmi við þá áhættuþætti sem einkenna nemendur viðkomandi skóla. Aðgerðaráætlunin skal birt á heimasíðu skólans.

3. STYRKIR

Hver skóli getur sótt um fjármagn til ráðuneytisins til að styðja við aðgerðir gegn brotthvarfi. Hver umsókn skal fela í sér kostnaðarmat á aðgerðum sem taka mið af niðurstöðum

skönnunar í viðkomandi skóla. Ráðuneytið með hjálp Námsmatstofnunar mun útbúa umsóknareyðublöð, umsóknarreglur og setja fram leiðsögn um úrræði.

Áætlaður heildarkostnaður: 200 millj. krónur á ári

4. UPPLÝSINGAÖFLUN

Námsmatstofnun mun næstu þrjú árin kalla sérstaklega eftir upplýsingum frá öllum framhaldsskólum um málefni er varða brotthvarf, tölulegar upplýsingar er varða aðgerðaáætlanir hvers skóla og lýsingar á vel heppnuðum aðgerðum.

5. VERKFÆRAKISTA

Vel heppnaðar (Best Practice) aðgerðir verða flokkaðar og birtar á vefsíðu Námsmatstofnunar. Þeim er ætlað að nýtast sem verkfæri fyrir skóla við val á aðgerðum sem henta áhættuþáttum viðkomandi skóla.

6. GRUNNSKÓLI

Skoðað verður hvort og hvernig hægt verður að útfæra skimun 9. bekkjarnemenda í grunnskólum landsins.